

## 17. Frumvarp

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

### 1. gr.

Skemmtanaskatt, samkvæmt lögum nr. 56, 31. maí 1924, skal til ársloka 1935 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Skemmtanaskatturinn hefir undanfarið runnið í rikissjóð, og ráð er gert fyrir, að svo verði á árinu 1935. Auðsýnt er, að rikissjóður verður að halda þessum tekjum, og fer frumvarp þetta fram á, að skemmtanaskattur verði til ársloka 1935 innheimtur með 80% álagi, svo sem gert hefir verið frá miðju ári 1933 og samþykkt er að gera til ársloka 1934.